

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Jafnréttisáætlun

Gildir frá 1. janúar 2012

Jafnréttisáætlun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið er gerð í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og í samræmi við jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins ds. 9.11.2010. Áætlunin er liður í því að jafna stöðu kvenna og karla innan ráðuneytisins og minna starfsfólk og stjórnendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Í jafnréttisáætlun þessari eru sjö markmið sett fram með skilgreindum aðgerðum og eftirfylgni sem stuðla eiga að jafnrétti kynjanna. Þau markmið sem sett eru fram í áætluninni eru valin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 10/2008 og þörfum ráðuneytisins. Til að fylgja eftir markmiðum jafnréttisáætlunarinnar er að jafnaði gert ráð fyrir að upplýsinga sé aflað í janúar og niðurstöðum miðlað í febrúar. Í áætluninni er einnig gerð grein fyrir hlutverkum jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar.

Jafnréttisfulltrúi

Í hverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi samkvæmt 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Um hlutverk hans og meginverkefni fer eftir starfsreglum sem samþykktar voru á fundi ráðuneytisstjóra 9. nóvember 2010.

Jafnréttisnefnd

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu starfar jafnréttisnefnd sem fylgist með og vekur athygli á jafnrétti kynja í ráðuneytinu og er ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa. Ásamt jafnréttisfulltrúa sér nefndin um endurskoðun á jafnréttisáætlun ráðuneytisins og eftirfylgni með henni. Í starfi sínu hefur nefndin jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins til hliðsjónar ásamt lögum og reglugerðum sem við eiga.

1. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Konur og karlar skulu hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 8. og 9. mgr. 2. gr. laga og 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Samkvæmt sömu grein er starfsfólki heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys svo.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Karlar og konur njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.	Ráðuneytisstjóri.	Í janúar fái jafnréttisfulltrúi upplýsingar um það hjá yfirstjórn hvort karlar og konur njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.	Í febrúar kynni jafnréttisfulltrúi launajafnrétti og taki við ábendingum frá starfsfólki um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta. Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

2. Stöðuveitingar og störf

Mikilvægt er að bæði karlar og konur vinni innan mennta- og menningarmálaráðuneytis að menntamálum, menningarmálum og vísindum. Jafnréttissjónarmið eru metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Stefnt skal að því að ná sem jöfnustu hlutfalli kynja í sambærilegum störfum innan ráðuneytisins. Við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í störfum verði þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Jafnframt skulu bæði kyn njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgð.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum.	Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar.	Í janúar afli jafnréttisfulltrúi upplýsinga um kynjahlutfall í störfum innan ráðuneytisins, ásamt yfirliti yfir auglýst störf, kyn umsækjenda og ráðningar.	Í febrúar kynni jafnréttisfulltrúi stöðuna og taki við ábendingum frá starfsfólki um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta. Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

3. Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Leitast skal við að höfða til beggja kynja í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.	Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar.	Í janúar afli jafnréttisfulltrúi kyngreindrar samantektar um þátttöku í starfsþjálfun og endurmenntun.	Í febrúar kynni jafnréttisfulltrúi samantektina og taki við ábendingum frá starfsfólki um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta.
Tryggja að námstilboð höfði bæði til karla og kvenna.			Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

4. Kynferðisleg og kynbundin áreitni

Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að enginn sæti kynferðislegri eða kynbundinni áreitni.

- Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.
- Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni.	<p>Allt starfsfólk ber ábyrgð á að koma í veg fyrir og uppræta kynferðislega og kynbundna áreitni.</p> <p>Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar bera ábyrgð á úrlausn.</p> <p>Jafnréttisfulltrúi ber ábyrgð á kynningum.</p>	<p>Verði uppvíst um áreitni ber þeim er fyrir henni verður og öðrum sem af því vita að gera viðkomandi yfirmanni eða trúnaðarmanni viðvart. Þá fari ákveðið ferli í gang í samræmi við starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem feli í sér að yfirstjórn komi í veg fyrir áframhaldandi óæskilega hegðun og að þolandi bíði engan skaða af ráðstöfunum sem gripið er til.</p> <p>Í janúar verði hugað að fræðslu fyrir starfsfólk um kynbundna og kynferðislega áreitni með sérstakri áherslu á þá sem eiga að taka á mót á ábendingum um áreitni.</p>	<p>Endurskoðaðar verklagsreglur sem birtar verða í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins verði kynntar starfsfólki. Meðal annars verði fjallað um afleiðingar og þeir sem taka við kvörtunum verði kynntir.</p> <p>Í janúar ár hvert verði metið hvort æskilegt sé að fræða starfsfólk um kynferðislega og kynbundna áreitni og kostnaður vegna fræðsluerinda skoðaður.</p> <p>Jafnréttisfulltrúi hafi samvinnu við ráðuneytisstjóra um aðgerðir.</p>

5. Þátttaka í nefndum og ráðum

Leitast verði við að deila verkefnum í ráðuneytinu þannig að kynjahlutfall verði sem jafnast þegar kemur að þátttöku í vinnuhópum, ráðum, stjórnnum og innlendum og erlendum nefndum.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Í vinnuhópum, ráðum, stjórnnum og innlendum og erlendum nefndum fyrir hönd ráðuneytisins endurspeglis hlutfall kynja í sérfræðistörfum	Ráðherra, ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar.	Í janúar afli jafnréttisfulltrúi upplýsinga um hlutfall kynja í nefndum og ráðum.	Í febrúar kynni jafnréttisfulltrúi stöðuna og taki við ábendingum frá starfsfólki um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta. Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

6. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Starfsfólki skal gert kleift að samræma sem best starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið og þörf er á. Leitast skal við að koma til móts við óskir starfsfólks um sveigjanlega töku fæðingar- og foreldraorlofs.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni og tími
Að konur og karlar geti samræmt starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.	Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar.	Jafnréttisfulltrúi kanni stöðuna í janúar ár hvert Starfsfólki kynntur réttur til fæðingar- og foreldraorlofs.	Í febrúar kynni jafnréttisfulltrúi stöðuna ásamt rétti til fæðingar- og foreldraorlofs og taki við ábendingum frá starfsfólki um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta. Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

7. Kynjasambætting

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum ráðuneytisins.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð, tími	Kynning, eftirfylgni
Að kynja-sambættingar sé gætt í ráðuneytinu við stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku á málefnasviði ráðuneytisins.	Ráðherra, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjórar, jafnréttisfulltrúi.	Staðið fyrir fræðslu um kynjasambættingu fyrir starfsfólk ráðuneytisins í febrúar, sbr. 3. verkefni í „Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum...“.	Jafnréttisfulltrúi kynni áætlun um kynjasambættingu og helstu verkefni. Tekið við tillögum til úrbóta og námskeið haldin. Jafnréttisfulltrúi komi tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytisstjóra.

Endurskoðun og samþykkt

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Jafnframt segir að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skuli endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt af ráðherra mennta- og menningarmála 31. janúar 2012 og verður endurskoðuð fyrir 1. janúar 2015.